

Nd.

266. Frumvarp til laga

[146. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Birgir Finnsson, Eysteinn Jónsson, Sigurður Bjarnason,
Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Greiða skal alþingismanni laun frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur. Árslaunin eru 132 000 kr., og greiðist ½ hluti mánaðarlega.

Varamaður nýtur þingfararkaups þann tíma, er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda, sem alþingismanni eru ákveðin í lögum þessum.

2. gr.

Alþingismaður, sem um þingtímann verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan eftir reikningi kostnað við hæfilegt húsnæði til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir. Þingfararkaupsnefnd getur ákveðið hámark húsnæðiskostnaðar. Þingmaður utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fær þó greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.

3. gr.

Þingfararkaupsnefnd ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

Ákvæði 1. málsg. gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir.

4. gr.

Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Þingfararkaupsnefnd ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann var í framboði.

Ákvæði 1. málsg. taka ekki til varapingsmanns og ráðherra.

5. gr.

Alþingismaður, sem er ekki búsettur í Reykjavík eða grennd, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað til þings og heim af þingi í þingbyrjun og þinglok. Sama gildir um ferðir í þinghléi eða fundahléi um hátíðar og um ferðir varanna til þings og heim af þingi.

Enn fremur fær þingmaður á hverju reglulegu þingi á sama hátt endurgreiddan kostnað við ferðir á öðrum tímum en í 1. málsgr. greinir, ef þær eru nauðsynlegar og þingmaður hefur fengið fararleyfi.

6. gr.

Nú getur þingmaður ekki gegnt þingstörfum um stundarsakir vegna sendiferðar fyrir ríkisstjórnina eða sem fulltrúi Alþingis, og skal honum þá eigi að síður greitt þingfararkaup. Dvalarkostnaður fellur þó niður.

Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda, fær hann þingfararkaup eigi að síður allt að einu ári. Dvalarkostnaður greiðist þó í lengsta lagi til loka þess þings, sem þingmaðurinn hefur verið kvaddur til.

Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. málsgr. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaup þann tíma, sem hann er fjarverandi.

7. gr.

Ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, er þingfararkaupsnefnd heimilt að hækka eða lækka árslaun samkv. 1. gr. að sama skapi.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísar fjárhæðunum úr ríkissjóði.

Vilji alþingismaður ekki hlíta úrskurði þingfararkaupsnefndar samkvæmt lögum þessum, getur hann skotið honum til forseta Alþingis, sem fella endanlegan úrskurð um ágreiningsatriðin.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá 1. júlí 1963 fer um laun og aðrar greiðslur til alþingismanna eftir ákvæðum þessara laga. Jafnframt eru úr gildi numdar 1.—5. gr. laga nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl.

Þar til sett hafa verið ný lög um lífeyrissjóð alþingismanna, fer um gjald til sjóðsins og lífeyri alþingismanna og maka þeirra eftir þeim lögum, er nú gilda.

Greinargerð.

Í septembermánuði 1963 fól forsætisráðherra samninganefnd ríkisstjórnarinnar í kjaramálum, Sigtryggi Klemenzyyni ráðuneytisstjóra, Gunnlaugi Briem ráðuneytisstjóra og Jóni Þorsteinssyni alþingismanni, í samráði við Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóra Alþingis að endurskoða lög um þingfararkaup alþingismanna með tilliti til breytinga á launakjörum ríkisstarfsmanna.

Höfð var hliðsjón af frumvarpi, er samið var að tilhlutun þingfararkaupsnefndar snemma á árinu 1962. Nefndin ásamt skrifstofustjóra varð sammála um frumvarp, sem efnislega var að mestu samhljóða áðurnefndu frumvarpi frá 1962. Tölum var hins vegar breytt og nokkrum efnisatriðum, eftir því sem betur þótti fara.

Frumvarp samninganefndar og skrifstofustjóra hefur að undanfögnu verið til athugunar hjá ríkisstjórn og þingflokki. Þingfararkaupsnefnd, Björn Jónsson alþm. og skrifstofustjóri hafa rætt frumvarpið og gert á því tilteknar breytingar, sem samkomulag hefur orðið um, að höfðu samráði við ríkisstjórn og þingflokka. Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er árangurinn af þessu samkomulagi.

Þingfararkaupsnefnd hefur óskað þess, að frumvarpið yrði flutt í neðri deild af fulltrúum allra flokka, þ. e. forseta sameinaðs Alþingis, forseta neðri deildar og formönnum þingflokka Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins. Við höfum því tekið að okkur flutning málsins í neðri deild.

Skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir frumvarpinu.

Aðalbreytingin, sem lagt er til að gerð verði á þingfararkaupi, er sú að ákveða árskaup í stað dagkaups. Þinglengd hefur þá engin áhrif á árslaunin. Hér er fylgt fordæmi annarra þjóða. Það er talið heppilegra að hafa þennan háttinn á. Kjördæmabreytingin 1959 og stækkun kjördæmanna hefur haft í för með sér mjög aukin störf fyrir þingmenn. Hefði því þá þegar verið ástæða til endurskoðunar á launakjörum þingmanna. Margir hafa og um nokkurt skeið talið, að það væri æskilegt að breyta lögum um þingfararkaup í þessa átt.

Um 1. gr.

Hér er ákveðið, að árslaun þingmanns skuli vera 132 000 kr. Launin skulu reiknast frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag. Varaþingmaður nýtur launa fyrir þann tíma, sem hann situr á þingi. Samkvæmt gildandi lögum er þingmönnum greitt dagkaup.

Ráðherra, sem er ekki þingmaður, á sama rétt á þingfararkaupi og þingmaður. Gert er ráð fyrir, að ráðherra verði að mæta á þingfundum og vinna að þingmálum, þó að hann sé ekki þingmaður. Er þetta í samræmi við gildandi lög.

Um 2. gr.

Hér er ákveðið, að utanborgarmenn skuli fá greiddan húsnæðiskostnað eftir reikningi fyrir hæfilegt húsnæði, á meðan Alþingi stendur yfir. Þingfararkaupsnefnd hefur vald til að ákveða hámark húsnæðiskostnaðar á mánuði, og húsnæðiskostnaður í eigin húsnæði skal metinn. Eðlilegt virðist, að nefndin hafi þetta vald. Auk þess úrskurðar nefndin reikning hvers þingmanns.

Ákvæðin um þingmannabústað eru felld niður. Þau hafa frá upphafi verið dauður bókstafur. Óeðlilegt er að hafa í gildi lagaákvæði, sem er ekki framfylgt. Ef í það verður ráðizt að reisa þingmannabústað, þarf að setja ýtarlegri reglur um hann en eru í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin er í samræmi við gildandi lög.

Um 4. gr.

Stækkun kjördæmanna samkvæmt stjórnarskrárbreytingunni frá 1959 hefur í för með sér aukinn kostnað þingmanna í sambandi við ferðalög um kjördæmin. Nauðsynlegt er að mæta þeim aukna kostnaði. Á árinu 1961 fékk hver þingmaður, nema ráðherrar, 10 000 kr. í þessu skyni, árið 1963 til kjördags sömu upphæð. Hér er lagt til, að þingfararkaupsnefnd ákveði fjárhæð þessa. Heimilt er nefndinni að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann var í framboði.

Um 5. gr.

Ákvæði fyrri málsg. um ferðakostnað eru í samræmi við gildandi reglur. Enn fremur er gert ráð fyrir, að auk ferða í þingbyrjun og þinglok, í þinghléi, fundahléi og um hátíðar skuli þingmaður fá greiddan kostnað við nauðsynlegar ferðir heim til sín og til þings aftur á öðrum tímum. Það er þó skilyrði fyrir greiðslu ferðakostnaðar í slíkum tilfellum, að þingmaður hafi fengið leyfi forseta Alþingis til fararinnar.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu í samræmi við gildandi reglur um þingfararkaup í forföllum þingmanna. Reglurnar eru þó nokkru ýtarlegri með hliðsjón af hliðstæðum ákvæðum annars staðar á Norðurlöndum. Æskilegt er, að reglurnar um greiðslu þingfararkaupts í forföllum séu ýtarlegar og ótvíræðar. Hér er þó um

eitt nýmæli að ræða, að þingmanni er ekki greitt kaup lengur en eitt ár, ef um er að ræða forföll vegna slyss eða veikinda. Er það til samræmis við það, sem gildir um ríkisstarfsmenn.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að þingfararkaupsnefnd fái vald til að breyta þingfararkaupi til samræmis við almennar breytingar, sem verða á launum ríkisstarfsmanna. Er þetta gert til þess, að ekki þurfi lagabreytingu í hvert sinn, sem laun ríkisstarfsmanna breytast samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar um þingfararkaupsnefnd eru í samræmi við gildandi lög. Þó er sú breyting gerð, að ágreiningi um þingfararkaup má skjóta til forseta þingsins í stað sameinaðs Alþingis. Líklegt er, að á þann hátt verði ákvæðið raunhæfara.

Um 9. gr.

Ætlað er til, að lögin öðlist þegar gildi. Frá 1. júlí 1963 fer um laun og aðrar greiðslur til alþingismanna eftir ákvæðum þessara laga.

Ákvæði eldri laga um lífeyrissjóð alþingismanna og maka þeirra halda gildi sínu, þar til ný ákvæði verða sett að lokinni nauðsynlegri endurskoðun á ákvæðunum. Þangað til ný lög hafa verið sett, fer um gjöld til sjóðsins og lífeyri alþingismanna og maka þeirra eftir þeim lögum, er nú gilda.